

Ed.

121. Frumvarp til laga

[72. mál]

um húsnæði fyrir fæðingarheimili Reykjavíkurbæjar.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að taka íbúðarhúsnæði, sem er í eigu bæjarins, til afnota fyrir fæðingarheimili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir áratug reistu ríkið og Reykjavíkurbær fæðingardeild Landsspítalans. Sú stofnun bætti úr brýnni þörf, en er nú orðin of lítil.

Ýmsar leiðir til lausnar þessum vanda hafa verið athugaðar.

Fyrst og fremst hefur komið til greina stækkun fæðingardeildarinnar. Stækkun samkvæmt uppdráttum, er fyrir liggja frá húsameistara ríkisins, mundi kosta 10—12 milljónir króna, en sjúkrarúmum mundi aðeins fjölga um 21. Þessi leið er því kostnaðarsöm og tæki alllangan tíma.

Önnur leið hefur einnig verið athuguð. Hún er sú, að Reykjavíkurbær setji á stofn, að fengnum nauðsynlegum leyfum, fæðingarheimili í húseignum bæjarsjóðs, Eiríksgötu 37 og Þorfinnsgötu 16. Kostnaður við stofnun og rekstur þess heimilis yrði greiddur úr bæjarsjóði.

Vegna gildandi laga um afnot íbúðarhúsnæðis í kaupstöðum er eigi heimilt að taka áðurgreind íbúðarhús til þessara nota nema með lagabreytingu, og er það efni þessa frv. að veita slíka heimild.